



**3. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn á Hótel Örk, 19.október kl. 13:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir.**

**1. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2019.**

Fjárhagsáætlun lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

**2. Erindisbréf fyrir stjórnir stofnana héraðsnefndar.**

Erindisbréfin að verða klár, smávægilegar breytingar eftir sem Eyþór klárar og þau verða síðan lögð fram til upplýsingar á haustfundi.

**3. Launagreiðslur til stjórnarmanna, framkvæmdastjórnar og stofnana nefndarinnar.**

Eyþóri falið að hafa samband við Ingibjörgu fjárhaldsmann nefndarinnar og fara yfir þessi mál og samræma. Tillaga verður lögð fyrir haustfund.

**4. Húsnæðismál byggðasafnsins.**

Farið yfir fundargerð og bréf forstöðumanns byggðasafnsins um mögulegar lausnir á húsnæðisvanda safnsins varðandi geymslurými. Málið verður tekið upp á haustfundi.

**5. Haustfundur héraðsnefndar.**

Farið yfir lokaundirbúning fyrir haustfundinn og dagskrá hans.

**6. Önnur mál.**

Rætt um möguleika á að fara í átak varðandi kynningu á stofnunum nefndarinnar, m.a söfnunum, með það að markmiði að auka aðsókn og um leið tekjur af aðgangseyri. Málið verður tekið upp á haustfundi.

Fundi slitið kl. 13:45.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Rakel Sveinsdóttir  
Helgi S Haraldsson  
Árni Eiríksson  
Kjartan Björnsson*



**4.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn í ráðhúsi Árborgar , 20.nóvember kl.17:00.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir..**

**1. Húsnæðismál.**

Farið yfir næstu skref varðandi úttekt á húsnæði á Eyrarbakki sem mögulegan kost fyrir geymslu byggðasafnsins og hugsanlega líka fyrir héraðsskjalasafnið. Samþykkt að senda út gögn, þar sem óskað er eftir tilboðum í að taka út húsnæðið, með tilliti til þess hvað þarf að gera til að húsnæðið nýtist fyrir söfnin. Sent verður á Verkís, Eflu, Pro-Ark, Mannvit og Guðjón Sigfússon. Lagt upp með að skýrsla þess aðila sem valinn verður liggi fyrir um áramót.

**2. Útboð á þjónustu.**

Samþykkt að skoða með sameiginlegt útboð/verðkönnun á þjónustu fyrir stofnanir Héraðsnefndar, s.s endurskoðun, öryggisvöktun og tölvumál ofl. Formaður kallar eftir upplýsingum frá stofnum nefndarinnar svo hægt sé að skoða málið og fara af stað með það.

Fundi slitið kl. 18:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

Eyþór H. Ólafsson  
Helgi S. Haraldsson  
Kjartan Björnsson  
Rakel Sveinsdóttir.



**5.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðis, 15.janúar kl.08:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

**1. Húsnaðismál.**

Lögð fram og kynnt úttektarskýrsla Eflu á húsnæðinu að Búðarstíg á Eyrarbakka. Samkvæmt henni er áætlaður kostnaður tæpar 175 millj. Næstu skref rædd og hvað skuli leggja fyrir fund Héraðsnefndar, sem kölluð verður saman til að ræða húsnæðismál, Héraðsskjolasafnsins og Byggðasafnsins. Ákveðið að skoða á milli funda, hvaða húsnæði er til sölu sem gæti hentað, hvað er áætlaður byggingakostnaður á húsnæði fyrir söfnin, hvað fengist fyrir núverandi húsnæði í Háheiði á Selfossi og Hafnarbrú á Eyrarbakka, hvað er til af eigin fé, hvaða styrkir gætu hugsanlega fengist í verkefnið og hvaða kostnaður fylgir lántökum vegna þessa. Þetta verði lagt fyrir næsta fund, þar sem stillt verði upp kynningu fyrir héraðsnefnd.

**2. Alviðra/Laxabakki.**

Eyþór kynnti bréf frá nýjum eigendum Laxabakka, við Sogið, í landi Öndverðarness, þar sem óskað er eftir veki og lóð vegna uppbyggingar hússins og fleiri framkvæmda. Bréfinu vísað til stjórnar Alviðru.

Fundi slitið kl. 09:40.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Árin Þorláksson  
Helgi S Haraldsson  
Rakel Sveinsdóttir  
Byggðasafn Íslendinga  
Kjartan Björnsson*



**6.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðis, 29.janúar kl.08:10.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

**1. Húsnaðismál.**

Rætt um húsnaðismálin á Eyrarbakka, fyrir byggðasafnið og héraðsskjalasafnið.  
Farið yfir þau gögn og upplýsingar sem lagðar verða fyrir aukafund nefndarinnar, til  
að kynna þá vinnu sem fram hefur farið frá haustfundi. Eyþór mun draga saman  
upplýsingarnar í glærukynningu sem farið verður yfir á fundinum. Einnig þær  
tillögur sem munu koma frá stjórninni til fundarins til að taka afstöðu til.

**2. Aukafundur héraðsnefndar.**

Ákveðið að hafa fundinn á Eyrarbakka, í Húsinu, mánudaginn 11.febrúar kl. 16.00.  
M.a verður fundargestum boðið að skoða húsnaðið við Búðarstíg.

Fundi slitið kl. 10:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Árni Eiríksson  
Helgi S. Haraldsson  
Rakel Sveinsdóttir  
Eyþór H. Ólafsson  
Kjartan Björnsson*



**7.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 18.febrúar, kl.08:10.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

**1. Húsnæðismál.**

Rætt um tilboð til eigenda Búðarstígs á Eyrarbakka, í framhaldi af samþykkt  
aukafundar Héraðsnefndar, 11.febrúar sl. Ákveðið að senda eigendum tilboð um  
milligjöf og uppítoku húsnæðisins að Hafnarbrú. Ákvæði um afhendingatíma og  
leigurétt Hafnarbrúar, fram að flutningum. Tilboð og ákvæði rædd og Eyþóri og  
Árna falið að senda inn tilboð í gegnum Lögmenn Suðurlands.

**2. Alviðra/Laxabakki.**

Rætt um lóðamál Laxabakka og stærð lóðar sem eigendur telja að eigi að fylgja  
húsinu. Ekki virðist liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um stærð lóðar með húsinu.  
Nýir eigendur, Gamli bærinn ehf, vilja endurbyggja húsið á staðnum og koma upp  
salernisaðstöðu og geta sýnt það. Samkvæmt skipulagi Grímsnes- og  
Grafningshrepps er ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á þessu svæði. Ákveðið  
að fulltrúar Héraðsnefndar og Landverndar fundi með fulltrúum GOGG um stöðuna,  
skipulagslega ofl.

Fundi slitið kl. 10:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Helgi Sigurður Haraldsson  
Helgi S. Haraldsson  
Rakel Sveinsdóttir  
Árni Eiríksson  
Kjartan Björnsson*



## **8.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 26.mars, kl.08:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

### **1. Staða uppgjöra stofnana fyrir árið 2018.**

Ingibjörg fór yfir stöðu uppgjöra stofnana. Þau eru ekki tilbúin en allar stofnanir búnar að skila inn og er á leið til endurskoðunar. Verður sent til stofnananna og stjórna þeirra um leið og hægt er. Verður ekki fyrr en eftir fyrstu viku apríls.

### **2. Vorfundur Héraðsnefndar.**

Rætt um tímasetningu og staðsetningu vorfundarins. Stefnt á byrjun maí og að hann verði í Árnesi.

### **3. Málefni Laxabakka í landi Öndverðarness.**

Farið yfir stöðu málsins. Kröfu Gamla bæjarins um lóðamál og uppbyggingu þjónustu á staðnum. Landvernd leggst gegn allri uppbyggingu og aukinni umferð um ósnortið land. Fundað hefur verið með GOGG og Landvernd, varðandi skipulag svæðisins og uppbyggingaráform eiganda hússins. Ekki er andstaða við endurgerð hússins sjálfss að neinu leiti, aðeins um frekari uppbyggingu á svæðinu. Lóðamál ekki á hreinu. Reynt verður áfram að ná sáttum í málín, annars verða málín að fara til dómstóla til úrlausnar.

### **4. Sameiginleg mál stofnana.**

Kallað hefur verið eftir, frá stofnunum nefndarinnar, upplýsingum varðandi kostnað við einstaka rekstrarliði, s.s tryggingar, tölvumál, öryggiskerfi og endurskoðun. Samþykkt að fara í útboð/verðkannanir á þessum málum í heild sinni. Ingibjörgu falið að skoða með að leita tilboða í endurskoðunina. Eyþór fer í að skoða öryggiskerfi og eftirlit, Eyþór athuga einnig með upplýsingar um aðila til að taka að

sér að bjóða út tryggingar og Helgi athuga með tölvumálin, hvernig best er að standa að útboði/verðkönnun á þeim.

**5. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns.**

Rakel upplýsti að í framhaldi af kynningu á möguleikum á nýbyggingu í Þorlákshöfn, fyrir safnið kæmi þar til greina að leigja safninu aðstöðuna í húsinu.

Vegna áhuga annarra héraðsskjalasafna á Suðurlandi, um frekari samvinnu eða sameiningu, þarf að hafa samband við eigendur þeirra um næstu skref í málinu.

**6. Húsnæðismál byggðasafnsins.**

Samþykkt að Árni Eiríksson, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Eggert Valur Guðmundsson, skipi byggingarnefnd, varðandi breytingar á húsnæðinu að Búðarstíg og flutning safnsins þangað.

Fundi slitið kl. 10:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

Árni Eiríksson  
Helgi S. Haraldsson  
Rakel Sæmundsdóttir  
Eyþór N. Ólafsson  
Kárlan Þórhallur